

*Samþykkt í velferðarráði 13. september 2006 og í borgarráði 21. september 2006.
Með breytingum samþykktum í velferðarráði 14. apríl 2010 og í borgarráði 29. apríl 2010*

Tillaga að breytingu á reglum um styrkjaúthlutun velferðarráðs

1. Auglýsingar um styrki, umsóknarfrestur og meðferð þeirra fylgja almennum reglum um styrkjastefnu Reykjavíkurborgar. Ljúka skal afgreiðslu styrkja og samstarfssamninga fyrir 1. janúar ár hvert.
2. Velferðarráð úthlutar styrkjum samkvæmt fjárheimild í fjárhagsáætlun. Miða skal við að $\frac{3}{4}$ fjárheimildanna fari til samstarfssamninga og $\frac{1}{4}$ til einstakra verkefna sem vinna á að á viðkomandi ári.
 - Samstarfssamninga/þjónustusamninga við hagsmuna- eða félaga-samtök til allt að þriggja ára. Þessir samningar til lengri tíma skulu taka mið af lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr 40 /1991 og skyldum sveitarfélagsins á því sviði.
 - Til einstakra verkefna til hópa/félagasamstaka. Við val á einstaka verkefnum skal taka mið af því hvort þau falli að áherslum velferðarráðs og verkefnum í starfsáætlun viðkomandi fjárhagsárs.
 - Að öllu jöfnu skal ekki veita einstaklingum styrki velferðarráðs.
3. Með öllum umsóknum fylgi greinargerð um fyrri starfsemi og ítarleg starfsáætlun þess verkefnis/starfs sem styrkja á þar sem fram komi skýr markmið og leiðir til að ná settur marki. Þá skal ennfreður fylgja fjárhagsáætlun og upplýsingar um aðrar fjármögnunarleiðir svo og rekstraryfirlit síðasta árs.
Í samstarfssamningum skal tilgreina mælikvarða til þess að meta árangur af starfseminni. Allir styrkþegar skulu skila ársreikningi að ári liðnu.
4. Þriggja manna starfshópur skipaður af velferðarráði fer yfir umsóknir um styrki til einstakra verkefna eða samstarfs/þjónustusamninga og leggur fram tillögur til ráðsins um afgreiðslu þeirra.
5. Þeim aðilum sem veittur er styrkur ber í verkefnum sínum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006.
6. Velferðarráð felur sviðsstjóra að annast eftirlit með framkvæmd samstarfssamninga og verkefna og kynna niðurstöður þess árlega fyrir velferðarráði.
7. Styrkir til verkefna og samstarfssamningar velferðarráðs verða á einum kostnaðarstað og afgreiddar fyrir næsta fjárhagsár þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt.
8. Reglur þessar skulu endurskoðaðar a.m.k. við upphaf hvers kjörtímabils.